

*Stéttarsamband bænda*

Alþingi

Erindi nr. P 116 / 163

komudagur 21/10 1992

Reykjavík 19.10. 1992.

Bændahöllin – Hagatorgi 1 – Sími 29433 – Pósthólf 7040 – 127 Reykjavík

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Efni: Möguleikar til álagningar jöfnunargjalda í EES samningnum.**

Stéttarsambandi bænda hafa borist um það upplýsingar frá Noregi að breytingar hafi orðið á samkomulagi því sem gert var milli EFTA ríkjanna og EB við undirritun EES samningsins er varðaði álagningu jöfnunargjalda á búvörur. Við undirritun samningsins var um það samkomulag að hvert land skyldi leggja fram sérstakan lista yfir það hráefni sem leggja mætti jöfnunargjöld á við innflutning þeirra. EB hefur horfið frá þessu samkomulagi og krefst þess að einungis verði lagður fram einn sameiginlegur hrávörulisti af hálfu EFTA ríkjanna samkv. upplýsingum SB. Á þeim lista verða **ekki** allar þær vörur sem leyfilegt er að leggja á jöfnunargjöld í dag.


Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvað líður frágangi samnings um verslun innan EES svæðisins með unnar búvörur. Ef þær upplýsingar sem SB hefur fengið eru réttar, þá munu breyttar áherslur EB varðandi þessi atriði samningsins hafa í för með sér eftirfarandi:

- \* ekki verður hægt að leggja jöfnunargjöld á ákveðnar vörur.
- \* ekki verður hægt að leggja jöfnunargjöld á öll hráefni sem eru í vörunni.
- \* fyrir ákveðnar búvörur mun álagning jöfnunargjalda byggjast á reiknuðum verðmun en ekki raunverulegum.

Stéttarsamband bænda óskar staðfestingar á hvort fyrrgreindar upplýsingar, um nýjar kröfur EB séu réttar, hvaða breytingar hafi átt sér stað varðandi möguleika á álagningu jöfnunargjalda frá því að samningurinn var undirritaður og hvaða áhrif þær breytingar hafi fyrir íslenskan landbúnað.

Virðingarfyllst

f.h. Stéttarsambands bænda

  
Hákon Sigurgrímsson framkvst.

Afrit sent til:

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Landbúnaðarráðuneytið